

# Foreldrafélag Glerárskóla

12. desember 2016

Fundur var settur kl. 20:00.

Mættir: Brynja, Theódóra, Vilborg

1) Fundur hófst með umræðu um jólaföndrið sem þótti takast mjög vel. Mætingin var sérstaklega góð, 218 manns mættir, þar af 88 aðstandendur. Í ár voru þrjár stöðvar: Piparkökur skreyttar, jólatré gerð úr íspinnapinum og skreytt og máluð, og svo ein stöð fyrir jólamerkimiða. Foreldrar 10. bekkjar sáu um vöflukaffið með miklum myndarbrag. Vöflurnar voru steiktar uppi á gangi svo að ilmurinn barst um gangana. Ágóðinn af þessari sölu rennur svo í ferðasjóð 10. bekkjar.

2) Foreldraröltið verður sett af stað í byrjun janúar. Stefnan er að senda út boð þar sem skipulaginu verður lýst og fara svo af stað aðra vikuna í janúar. Árgöngunum er raðað á vikur, allt niður í 10. bekk og sú hugmynd var borin upp að byrja á 10. bekk í stað 1. bekkjar. Nokkur umræða fór í það hvert á að sækja gul vesti sem SAMTAKA hefur pantað fyrir alla skóla, einnig hvert skýrslunni verður skilað sem fylla skal út eftir hverja vakt. Var ákveðið að spyrjast fyrir um þessi atriði hjá stjórn SAMTAKA.

Fundi slitið kl. 21:00.

Ritari var Theódóra Anna Torfadóttir, formaður.